

Áminning Peters Niensens verslunarmanns á Eyrarbakka í grein um geirfuglinn fyrir um 90 árum á vel við enn í dag. Í henni felst kjarni nútíma náttúruverndar – að umgangast gjafir náttúrunnar á sjálfbæran hátt og skila jörðinni í sem náttúrulegustu ástandi til komandi kynslóða:

„*Saga geirfuglsins á að kenna okkur að fara varlega með þá fugla sem er að fækka að tölu hjer á landi, t.d. haförn, skúm o.fl., og minnst þess, að þeim arfi í fuglum, sem menn hafa tekið við frá fyrri kynslóðum, á að skila aftur til eftirkomendanna.*“

Peter Nielsen 1925



Ólöf Nordal
Alca impennis ♀ Island 1844
Spiseror og mave af hunfuglen
2016. Ljósmynd 60 × 90 cm

ólöf nordal

Ólöf býr og starfar í Reykjavík. Hún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk síðan meistaraþrófi frá Cranbrook Academy of Art í Michigan og MFA frá höggmyndadeild Yale Háskólans í New Haven, Connecticut.

Ólöf hefur verið mjög virk í sinni listsköpun og á að baki fjölda samsýninga og einkasýninga austan hafs og vestan. Hún hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar, þar með talin viðurkenning úr Höggmyndasjóði Richard Serra frá Listasafni Íslands.

Ólöf Nordal er höfundur ýmissa útilistaverka og minnisvarða á opinberum vettvangi og má þar nefna *Geirfuglinn* í Skerjafirði, *Brietarbrekku*, minnisvarða um Brieti Bjarnhéðinsdóttur, *Vitid er enn – eda hvat?* í Alþingishúsinu og umhverfislustaverkið *Þúfu* sem stendur við Reykjavíkurbærhöfn.

Ólöf kennir við Listaháskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík.

aldauði tegundar – síðustu sýnin

listamaður
Ólöf Nordal
sýningarhönnun
Þórunn S. Þórgrímsdóttir
ljósa hönnun
Páll Ragnarsson
grafísk hönnun
Studio Studio
smíðar
Irma ehf.
tæknibúnaður
Etos ehf.
texti, ritstjórn og umsjón
Hilmar J. Malmquist,
Alfheiður Ingadóttir

þakkir

Gunnar Karlsson myndlistamaður
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
Náttúrufræðistofnun Íslands
Ríkisútvarpið, safnadeild
Rúnar Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður
Statens Naturhistoriske Museum, Danmörku
Þjóðminjasafn Íslands

sérsýningar

Í sérsýningarými Safnahússins við Hverfisgötu skiptast á sýningar á vegum þeirra sex stofnana sem standa að sýningunni Sjonarhorn. Sérsýningar standa í eitt ár í senn og endurspeglar áherslur og rannsóknir viðkomandi stofnana.

forsíðumynd

Sigríður Þorláksdóttir og ónafngreind kona hamfletta geirfugla fyrir erlenda safnara. Afburðurinn átti sér stað árið 1831, en myndin, sem er gerð af George og Caroline Rowley, er frá því um 1870 og byggð á lýsingu John Wolley (1823–1859) sem ferðaðist til Íslands árið 1858. Birt með leyfi Errol Fuller.

heimildir

Alfred Newton, 1861. Abstract of Mr. Wolley's researches in Iceland respecting the Gare-fowl or Great Auk (*Alca impennis*, Linn.). Ibis 1. ser., 3 (12), 371–399.
Peter Nielsen, 1925. Skýrsla um Hið íslenska náttúrufræðifélag 1923–1924. Arnþór Garðarsson, 1984. Fuglabjörg Suðurkjalkans. Árbók Ferðafélags Íslands 1984. Bls. 126–160.
Ævar Petersen, 1995. Brot úr sögu geirfuglsins. Náttúrufræðingurinn 65 (1.–2.): 53–66.
Errol Fuller, 1999. The Great Auk.
Harry N. Abrams. 448 bls.

SS


geirfugl † *Pinguinus impennis*

aldauði tegundar
— síðustu sýnin



sérsýning
16.06.2016 – 16.06.2017

Ólöf Nordal og Náttúruminjasafn Íslands
í samvinnu við Landsbókasafn Íslands –
Háskólabókasafn og Náttúrufræðistofnun Íslands



útdauði tegundar

Sérsýningu um geirfuglinn er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi ábyrgrar og siðlegrar umgengni við undur og auðlindir náttúrunnar. Geirfugl er útdauð tegund en talið er að síðustu tveir geirfuglarnir á Jörðu hafi verið drepnir í Eldey undan Reykjanesi í júní árið 1844.

Geirfuglar voru eftirsótt bráð. Þeir voru ófleygir, stórir, um 70 cm á hæð, feitir og matarmiklir og vó hver fugl um fimm kíló. Fuglarnir voru hægir til gangs og auðvelt að fanga þá á landi.

Ætla má að fljótt hafi gengið á geirfuglastofna við landnám Evrópubúa á Íslandi og norðausturströnd Ameríku. Á framanverðri 18. öld virðist geirfuglinn hafa verið langalgengastur við Nýfundnaland en í kjölfar gegndarlausra veiða dóu þeir út þar um aldamótin 1800. Á St. Kilda-eyjum vestur af Skotlandi er síðast vitað um geirfuglsvarp í byrjun 19. aldar. Heimildir benda til að geirfuglar hafi enn verið að í nokkrum mæli við Ísland á 17. öld en um og eftir miðja 18. öld virðast þeir orðnir fremur sjaldséðir.

Auk skefjalausra veiða og ásóknar safnara er ekki ólíklegt að náttúran sjálf hafi lagt sitt af mörkum við útrýmingu geirfuglsins. Eldvirkni og jarðhræringar hafa löngum fylgt Reykjanesshryggnum og hafa eyjar og sker komið þar og farið. Eitt þeirra var Geirfugla-skær, sem sökk í sæ 1830.

Útrýming geirfuglsins er svartur blettur í sögu mannkyns og þar eiga Íslendingar sinn þátt. Hafa verður í huga að vitneskja og þekking á náttúru og umhverfi var takmarkaðri þá en nú. Samt sem áður eiga núlifandi ættingjar geirfuglsins, haftyrdill, stuttnefja og fleiri svartfuglar, í vök að verjast vegna veiða og loftslagshlýnunar. Sú staða vekur upp spurningar um hvað við höfum lært af fyrri mistökum.

síðustu tveir geirfuglarnir

sérsýning um geirfugl

Dráp síðustu geirfuglanna tveggja í Eldey í júní árið 1844 er nokkuð vel skráð. Helsta heimildin er minnisbók Bretans John Wolley en hann og Alfred Newton dýrafræðingur dvöldu hér á landi sumarið 1858 gagnert til að fræðast um örlög geirfuglsins. Þeir félagar ræddu við nokkra sem tóku þátt í leiðangrinum út í Eldey þegar endalok geirfuglsins voru ráðin. Þar var að verki hópur 14 manna sem reri frá Höfnum á Reykjanesi. Leiðangursstjóri var Vilhjálmur Kr. Hákonarson stórbóndi í Kirkjuvogi.

Tilgangurinn fararinnar, sem var að undirlagi Carls F. Siemsens kaupmanns í Reykjavík, var að ná í geirfugla til að selja erlendum söfnurum. Fuglarnir voru sendir til Háskólans í Kaupmannahöfn. Þar eru líffæri og innyfli fuglanna, karlfugls og kvenfugls, enn varðveitt í 11 glerkrukum í Náttúrufræðisafni Danmerkur. Ekki er vitað með vissu hvar hamir fuglanna eru niður komnir.

Á sérsýningunni um geirfuglinn gefur að líta uppstoppaðan geirfugl frá Náttúrufræðistofnun Íslands, uppdrátt frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni af Geirfuglaskeri frá því um 1770 sem sýnir veiðar á geirfugli og fleiri svartfuglum, og ný verk eftir Ólöfu Nordal: Ellefu ljósmyndir af líffærum og innyflum síðustu geirfuglanna tveggja eins og þau eru varðveitt í Náttúrufræðisafni Danmerkur, frásögn af drápi geirfuglanna í Eldey og myndskreið sem sýnir veiðar á fugli í Vestmannaeyjum 1966 og unnið var úr kvikmyndinni Skerdagur í eigu Ríkisútvarpsins.


Í ljósmyndum sínum og skúlptúrum leikur Ólöf Nordal sér gjarnan með hugmyndafræði söfnunar, framsetningu á sýnum og það afskræmda sem fellur utan flokkunarkerfa. Verkin eru iðulega sprottin úr heimi þjóðsagna og þjóðtrúar sem Ólöf notar til að rannsaka og skoða þær vísindalegu aðferðir sem beitt er á náttúruna til að viðhalda henni, varðveita hana og skrá.

þjóðin eignast geirfugl

Geirfuglinn á sérsýningunni er eign íslensku þjóðarinnar og eini geirfuglinn sem til er á Íslandi. Hann var keyptur á uppboði í London árið 1971 fyrir samskotafé sem landsmenn lögðu til í söfnun sem stóð yfir í aðeins nokkra daga. Fyrir fuglinn var greitt andvirði þriggja herbergja íbúðar. Vitað er að Íslendingar voru reiðubúnir að greiða töluvert meira fyrir fuglinn en hann var sleginn á.

Fuglinn var líklega veiddur árið 1821 við Hólmsberg á Miðnesi fyrir utan Keflavík. Þar var á ferð danskur leiðangur með þátttöku F. Faber fuglafræðings, A.M. Mörch grasafræðings og F.C. Raben lénsgreifa. Ferðin var farin að undirlagi Rabens greifa í því skyni að ná í geirfugl til að stoppa upp og bæta í fuglasafn hans. Fram að uppboðinu í London var fuglinn í eigu fjölskyldu Rabens greifa á óðali hennar í Aaholms kastala á Lálandi.

Aðeins um 80 geirfuglar og 75 geirfuglsegg eru til í söfnum erlendis og eru flestir gripirnir fengnir frá Íslandi á framanverðri 19. öld. Á Náttúrufræðistofnun Íslands er auk geirfuglsins varðveitt beinagrind samsett úr beinum nokkurra geirfugla frá Funk-eyju á Nýfundnalandi og eitt geirfuglsegg sem ekki er vitað hvaðan er. Þá eru til stök geirfuglsbein sem fundist hafa í jörðu á nokkrum stöðum hér á landi.



Geirfuglinn
Ljós. Erling Ólafsson